

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970 um lánveitingar
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán samkvæmt þessum kafla reglugerðar þessarar skulu að jafnaði vera tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Íbúðin skal fullnægja reglum skipulags- og byggingaryfirvalda, svo og heilbrigðissamþykkt hlutaðeigandi staðar.

Um vexti og lánakjör gilda almenn ákvæði reglugerðar þessarar, að öðru leyti en því, sem tekur til lánstíma, skv. 29. gr.

Nú eru áhvilandi lán á veðréttum á undan láni samkvæmt þessum kafla við kaup íbúðar, og er þá Veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að taka veð á lakari veðrétti, og má samanlögð fjárhæð þeirra lána og láns samkvæmt þessum kafla nema allt að 65% brunabótamats íbúðarinnar, eða sérstaks mats trúnaðarmanna Veðdeildar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

Við 1. málgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
c. beltabifhjól

2. gr.

1. málgr. 9. gr. orðist svo:

Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum vélknúnum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki, á bif-